

2010:1 • 23. febrúar 2010

Opinber útgjöld eftir málaflokkum 1998–2008

General government outlays by functions 1998–2008

Samantekt

Frá árinu 1980 hafa útgjöld hins opinbera vaxið um nálægt 11 prósentustig af landsframleiðslu eða úr 34,1% af landsframleiðslu í 44,8% árið 2008 (192,2 ma. kr. yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands 2008 er þá ekki meðtalin). Á sama tíma jukust útgjöld ríkissjóðs úr 27,5% af landsframleiðslu árið 1980 í 32,2% 2008 og útgjöld sveitarfélaga úr 7,1% af landsframleiðslu 1980 í 14,0% 2008. Mikill vöxtur í útgjöldum sveitarfélaga skýrist m.a. af yfirtöku verkefna frá ríkissjóði en einnig hefur þjónusta þeirra vaxið jafnt og þétt. Útgjöld almannatrygginga hafa hins vegar vaxið minna á þennan mælikvarða eða úr 6,8% af landsframleiðslu 1980 í 7,4% árið 2008.

Á föstu verðlagi (miðað við verðvísitölu samneyslunnar) hafa útgjöld hins opinbera vaxið úr 1.087 þúsund krónum á mann árið 1980 í 2.071 þúsund króna árið 2008 (án yfirtöku) og því nánast tvöfaldast (91% vöxtur) á mann á þessu tímabili. Á sama tíma jukust útgjöld ríkisjóðs úr 875 þúsund krónum á mann í 1.492 þúsund krónur 2008 (án yfirtöku) og er raunvöxturinn rúmlega 70%. Útgjöld sveitarfélaga á mann hafa aukist mun meira eða nánast þrefaldast (185% vöxtur) á tímabilinu á þennan mælikvarða. Útgjöldin námu 226 þúsund krónum á mann 1980 en voru 646 þúsund krónur árið 2008. Útgjöld almannatrygginga hafa vaxið úr 217 þúsund krónum á mann 1980 í 341 þúsund krónur árið 2008 og er raunvöxturinn því 57% á umræddu tímabili.

Almannatryggingar og velferðarmál hafa verið fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera á þessu tímabili en útgjöld til málafloksins námu 132 milljörðum króna árið 2008 eða 8,9% af landsframleiðslu, en það svarar til 413 þúsund króna á hvert mannsbarn í landinu. Til samanburðar námu útgjöldin 7,7% af landsframleiðslu 1998 eða um 321 þúsund króna á mann. Til fræðslumála hins opinbera runnu um 124 milljarðar króna árið 2008 eða 8,4% af landsframleiðslu og hafa útgjöldin hækkað um eitt prósentustig af landsframleiðslu síðustu tíu árin. Til heilbrigðismála hins opinbera var ráðstafað riflega 117 milljörðum króna 2008 eða um 8% af landsframleiðslu, sem er heldur hærra hlutfall en ráðstafað var til þessa málaflokks árið 1998. Ofangreindir þrír málflokkar hins opinbera, almannatrygginga og velferðarmála, fræðslumála og heilbrigðismála eru viðamestir og tóku til sín 25,3% af landsframleiðslu ársins 2008, en voru 22,6% árið 1998.

Til að bera saman og greina útgjöld hins opinbera til einstakra málefna yfir lengra tímabili er mikilvægt að flokka þau með skýrum hætti þannig að þau verði samanburðarhæf. Með notkun COFOG (The Classification of Functions of Government) flokkunarkerfis opinberra útgjalda er hægt að skoða breytingar og þróun einstakra málaflokka eins og velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál og einstaka undirflokkja þeirra með samkvæmum hætti, en COFOG flokkunarkerfið er þráð af Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og gefið út af Sameinuðu þjóðunum (UN) og er hluti af þjóðhagsreikningum.



Inngangur

Meginmarkmið þessa rits er að gefa yfirlit um umfang og þróun útgjalfa hins opinbera og undirgeira þess á árunum 1998–2008 með tilliti til fjárhæða, hlutfalla og vaxtar að raungildi. Í fyrsta hluta er gefið stutt yfirlit um útgjaldapróun hins opinbera á árunum 1980–2008. Í öðrum hluta eru málaflokkar hins opinbera kynntir og útgjaldapróun þeirra á árunum 1998–2008 og að lokum er farið yfir einstaka málaflokkja á umræddu tímabili í þriðja hluta. Á eftir töfluhluta ritsins er viðauki 1 sem kynnir COFOG staðalinn og í viðauka 2 er að finna enska þýðingu á íslenskum heitum í töflum.

COFOG flokkunarkerfið gerir samanburð opinberra útgjalfa yfir tímann og milli landa mögulegan

Hið opinbera¹ gegnir mikilvægu hlutverki í hagkerfinu bæði er varðar veitingu opinberrar þjónustu (samneysluþjónustu) og endurdreifingu gæða í formi tilfærslna til heimila, fyrtækja og velferðastofnana, en heildarútgjöld hins opinbera hafa numið 40–46% af landsframleiðslu síðstu two áratugina. Til að bera saman og greina útgjöld hins opinbera til einstakra málefna yfir lengra tímabil er mikilvægt að flokka þau með skýrum hættí þannig að þau verði samanburðarhæf. Með notkun COFOG² flokkunarkerfis opinberra útgjalfa er hægt að skoða breytingar og þróun einstakra málaflokka eins og heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála og einstaka undirflokkja þeirra með samræmdum hætti, en COFOG flokkunarkerfið er þróað af Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og gefið út af Sameinuðu þjóðunum (UN) og er hluti af þjóðhagsreikningum. Flokkunarkerfið nær til bæði rekstrar- og fjárfestingarútgjalda og er gott tæki til að greina þróun og umfang einstakra útgjaldaflokka og útgjaldapáttu hins opinbera.

COFOG-flokkunarkerfið samanstendur af 10 málaflokkum sem hver og einn er brotinn niður á undirflokkja, sem aftur eru brotnir niður á nokkur verkefnasvið. Þannig eru heilbrigðismál til dæmis sjöundi málaflokkurinn (07), sjúkrahúsþjónusta þriðji undirflokkur (073) hans og almenn sjúkrahúsþjónusta fyrsta verkefnasvið sjúkrahúsþjónustu (0731). Málaflokkar opinberra útgjalfa eru eftirfarandi:

01. Almenn opinber þjónusta
02. Varnarmál
03. Löggæsla, réttargæsla og öryggismál
04. Efnahags- og atvinnumál
05. Umhverfismál
06. Húsnæðis-, skipulags- og veitumál
07. Heilbrigðismál
08. Menningar-, íþróttá- og trúumál
09. Fræðslumál
10. Almannatryggingar og velferðarmál

Útgjöld ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru yfirleitt ekki flokkuð með þessum hætti í ársreikningum þeirra þar sem stjórnsýsluskipunin og ábyrgðasvið ráða oftast flokkun útgjaldanna. Þannig eru ríkisútgjöld til dæmis flokkuð eftir ráðuneytum og stofnunum þeirra. Ef breytingar eru gerðar á stjórnsýslunni og ábyrgðasviðinu geta verkefni verið flutt milli ráðuneyta, sem gerir samanburð milli

¹ Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar það við þá starfsemi sem fjármögnum er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þróunga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnum er að mestu með sölu á vörum og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

² The Classification of Functions of Government.

ára erfiðari. Með notkun COFOG flokkunarkerfisins verður samanburður mun auðveldari milli ára þar sem eðli verkefnanna ræður flokkuninni en ekki stjórnsýsluskipunin og ábyrgðarsviðið, en á undanförnum árum hefur orðið verulegur tilflutningur á verkefnum milli ráðuneyta hér á landi. Ofangreindir eiginleikar COFOG flokkunarkerfisins auðveldar einnig mjög allan samanburð milli ríkja þar sem ólik stjórnsýsluskipan milli þeirra hefur ekki áhrif á flokkunina.

Auk þess að flokka útgjöld hins opinbera eftir málaflokkum eru þau einnig flokkuð eftir hagrænu eðli, þ.e. í samneyslu, vaxtagjöld, framleiðslustyrki, tilfærslur og fjárfestingu.¹ Einn kostur COFOG flokkunarkerfisins er að hægt er að nota það til að flokka hvern hagrænan útgjaldaflokk hins opinbera, svo sem samneyslu hins opinbera, en einnig má nota það til að greina samneyslu í einstaklingstengda samneyslu og samfélagslega samneyslu, en slík aðgreining kemur að gagni við gerð þjóðhagsreikninga.


1. Þróun opinberra útgjalda frá 1980 til 2008

Á rúmlega aldarfjórðungi hafa útgjöld hins opinbera vaxið úr 34,1% af landsframleiðslu í um 45%

Frá 1980 hafa útgjöld hins opinbera vaxið úr 34,1% af landsframleiðslu í 44,8% árið 2008 eða 57,8% af landsframleiðslu sé 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands 2008 meðtalinn (sjá mynd 1). Á sama tíma jukust útgjöld ríkissjóðs úr 27,5% árið 1980 í 32,2% (45,3% með yfirtöku veðlana) árið 2008. Útgjöld sveitarfélaga jukust hins vegar meira hlutfallslega á þessu tímabili eða úr 7,1% af landsframleiðslu 1980 í 14,0% 2008. Munar þar miklu um yfirtöku verkefna frá ríkissjóði en einnig hefur þjónusta þeirra vaxið jafnt og þétt. Vöxtur almannatrygginga er hins vegar minni á þennan mælikvarða, úr 6,8% af landsframleiðslu 1980 í 7,4% árið 2008.

Mynd 1. Heildarútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu 1980–2008²

Figure 1. Total expenditures as per cent of GDP 1980–2008²



² 192,2 milljarðar króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfjórðungi 2008 er ekki meðtalinn í heildarútgjöldum. The central government debt assumption of 192,2 billion ISK in 4th quarter 2008 is excluded from total expenditure.


¹ Heildarútgjöld hins opinbera í þessu riti ná til allra hagrænna útgjalda hins opinbera. Hafa verður í huga að heildarútgjöld hins opinbera eru ekki summan af útgjöldum ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, þar sem tölvert er af fjárfamlögum (millifærslum) milli stjórnsýslustiga. Ríkissjóður greiddi til dæmis 110,3 milljarða króna til almannatrygginga árið 2008 og 18,7 milljarða króna til sveitarfélaga. Þessi fjárfamlög frá ríkissjóði fjármagna stóran hluta af útgjöldum bæði almannatrygginga og sveitarfélaga. Við uppgjör á útgjöldum hinu opinbera sem heildar má ekki telja slíkar millifærslur með til að forðast tvítalningu útgjalda.

*Verðvísitala samneyslunnar er
notuð við staðvirðingu útgjalda
hins opinbera*

Til þess að meta vöxt útgjalda hins opinbera að raungildi frá 1980 er nærtækast að staðvirða þau með verðvísitölu samneyslu, en samneyslan samanstendur af launaútgjöldum hins opinbera, kaupum (að frádreginni sölu) þess á vörum og þjónustu og afskriftum fastafjármuna.¹ Við útreikning á verðvísitölu samneyslunnar er launakostnaður hins opinbera staðvirtur með launavísitölu opinberra starfsmanna, kaup þess á vörum og þjónustu með neysluverðsvísitölu án húsnæðiskostnaðar og afskriftir fastafjármuna með byggingarvísitölu. Verðvísitala samneyslunnar hefur vaxið mun hraðar árin 1998–2008 en bæði verðvísitala landsframleiðslunnar og neysluverðsvísitalan eins og sést í mynd 2. Þetta þýðir með öðrum orðum að við staðvirðingu útgjalda hins opinbera verður magnbreyting minni með notkun verðvísitölu samneyslunnar en með notkun neysluverðsvísitölu eða verðvísitölu landsframleiðslunnar.


Mynd 2. Verðvísitolur samneyslu, neyslu og VLF 1998–2008

Figure 2. The price indexes of public and private consumption and GDP 1998–2008



Mynd 3. Magnbreyting útgjalda hins opinbera á mann 1980–2008

Figure 3. General government expenditure per capita, volume change 1980–2008



¹ Árið 2008 námu launaútgjöld 58,9% af samneysluútgjöldum, kaup/sala á vörum og þjónustu 33,7% og afskriftir fastafjármuna 7,4%. Umfang samneyslu er um þrír fimmstu hlutar í heildarútgjöldum hins opinbera.

Á mann hafa útgjöld hins opinbera nánast tvöfaldast að raungildi á þremur áratugum

Á föstu verðlagi¹ hafa útgjöld hins opinbera vaxið úr 1.087 þúsund krónum á mann árið 1980 í 2.071 þúsund króna árið 2008 (eða í 2.673 þúsund krónur að meðtaldi áðurnefndi yfirtöku) og því nánast tvöfaldast (91% vöxtur) á mann á þessu tímabili (sjá töflu 11). Á sama tíma jukust útgjöld ríkisjóðs úr 875 þúsund krónum á mann í 1.492 þúsund krónur (2.094 þús. krónur með yfirtöku) 2008 og er raunvöxturinn rúmlega 70%. Útgjálda sveitarfélaga hafa nánast þrefaldast (185% vöxtur) á tímabilinu á þennan mælikvarða, en útgjöldin námu 226 þúsund krónum á mann 1980 en voru 646 þúsund krónur árið 2008. Útgjöld almannatrygginga hafa vaxið úr 217 þúsund krónum á mann 1980 í 341 þúsund krónur árið 2008 og er raunvöxturinn 57% á þessu tímabili miðað við verðvísitölu samneyslunnar.

2. Meginútgjaldaflokkar hins opinbera 1998–2008

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru viðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín riflega 25% af landsframleiðslu ársins 2008

Útgjöldum hins opinbera er skipt niður í 10 meginmálaufokka samkvæmt COFOG flokkunarkerfinu (sjá töflu 1 hér að neðan) eins og fram kom í inngangi. Almannatryggingar og velferðarmál hafa verið fjárfrekasti málaufokkur hins opinbera yfir tímann en útgjöld hans námu 132 milljörðum króna árið 2008 eða 8,9% af landsframleiðslu, en það svarar til rúmlega 413 þúsund króna á hvert mannsbarn í landinu. Til samanburðar námu útgjöldin 7,7% af landsframleiðslu 1998 eða 320,6 þúsund króna á mann (sjá mynd 4).

Tafla 1. Meginmálaufokkar hins opinbera 1998–2008

Table 1. General government total outlays by functions 1998–2008¹

| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | 1998 | 2000 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Heildarútgjöld (verg) | 41,30 | 41,87 | 44,25 | 45,62 | 44,05 | 42,22 | 41,66 | 42,50 | 57,82 |
| 01 Almenn opinber þjónusta | 6,59 | 6,07 | 6,05 | 5,90 | 5,31 | 5,09 | 4,83 | 5,58 | 6,51 |
| 02 Varnarmál | 0,02 | 0,02 | 0,03 | 0,04 | 0,04 | 0,04 | 0,07 | 0,06 | 0,06 |
| 03 Löggæsla, réttar- og öryggismál | 1,46 | 1,52 | 1,45 | 1,52 | 1,47 | 1,44 | 1,45 | 1,47 | 1,52 |
| 04 Efnahags- og atvinnumál | 6,69 | 6,75 | 6,43 | 6,60 | 6,33 | 5,76 | 5,91 | 5,84 | 19,52 |
| 05 Umhverfismál | 0,71 | 0,73 | 0,71 | 0,72 | 0,72 | 0,68 | 0,65 | 0,63 | 0,67 |
| 06 Húsnæðis-, skipul- og veitumál | 0,34 | 0,36 | 0,69 | 0,42 | 0,42 | 0,39 | 0,65 | 0,49 | 0,51 |
| 07 Heilbrigðismál | 7,52 | 8,01 | 8,66 | 8,86 | 8,45 | 8,08 | 7,92 | 7,94 | 7,95 |
| 08 Menningar-, íþróttar- og trúmál | 2,87 | 3,21 | 3,26 | 3,57 | 3,66 | 3,35 | 3,58 | 3,78 | 3,79 |
| 09 Fræðslumál | 7,37 | 7,50 | 8,29 | 8,26 | 8,20 | 8,34 | 8,31 | 8,15 | 8,37 |
| 10 Almannatrygg. og velferðarmál | 7,72 | 7,69 | 8,67 | 9,73 | 9,46 | 9,06 | 8,30 | 8,56 | 8,93 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.


Til fræðslumála hins opinbera runnu um 124 milljarðar króna árið 2008 eða 8,4% af landsframleiðslu og hafa útgjöldin hækkað um eitt prósentustig af landsframleiðslu síðustu tíu árin. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu riflega 117 milljardar króna 2008 eða um 8% af landsframleiðslu, sem er heldur hærra hlutfall en ráðstafað var til þessa málaufokks árið 1998. Kostnaður hins opinbera við stjórnsýslu og almenn mállefni nam rúmlega 96 milljörðum króna árið 2008, eða 6,5% af landsframleiðslu. Þessi málaufokkur hækkaði um 23,4 milljarða króna milli ára eða 32,3% og munar þar mestu um hækjun vaxtakostnaðar (sem fellur undir þennan málaufokk) en án hans var hækjunin 3,3 milljarðar króna. Verulega dró úr vaxtakostnaði hins opinbera á árunum 2004–2006 vegna lækkunar skulda. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur lög- og réttargæsla, ásamt öryggismálum, verið tiltölulegum.

¹ Staðvirk er með verðvísitölu samneyslunnar.

lega stöðug, eða í kringum 1½% af landsframleiðslu. Svipuð þróun hefur átt sér stað í útgjöldum til umhverfismála en þau hafa verið um 0,7% af landsframleiðslu.

Til efnahags- og atvinnumála var ráðstafað 288 milljörðum króna árið 2008, eða 19,5% af landsframleiðslu. Án 192,2 milljarðar króna yfirtöku ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands var ráðstafað 96 milljörðum króna til þessa málaflokks og hækkaði hann um 12 milljarða króna milli ára eða um 0,8 prósentustig af landsframleiðslu. Síðstu tíu árin hafa útgjöld til þessa málaflokks lækkarð mælt sem hlutfall af landsframleiðslu. Ef útgjöldin eru skoðuð nánar kemur í ljós að um 61% þeirra runnu í samgöngumál 2008 og um 17% til landbúnaðarmála. Til menningar-, íþróttar- og trúmála runnu 56 milljarðar króna, en það er hækkun um 6,7 milljarða króna frá 2007. Sem hlutfall af landsframleiðslu mælast þessi útgjöld 3,8%.

Mynd 4. Útgjöld til helstu málaflokka hins opinbera sem hlutfall af VLF¹
Figure 4. Expenditure on main functions of general government as per cent of GDP¹



¹ 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum veðlánum Seðlabanka Íslands 2008 er ekki meðtalin undir efnahags- og atvinnumálum. *The central government debt assumption of 192,2 billion ISK in 2008 is excluded from economic affairs.*

3. Útgjöld einstakra málaflokka hins opinbera 1998–2008

3.01 Almenn opinber þjónusta og fjármagnskostnaður hins opinbera

Almenn opinber þjónusta er fyrsti megin útgjaldaflokkur hins opinbera og eru undirflokkar hans átta að tölu og verkefnasviðin einnig eins og sést í viðauka 1. Æðsta stjórnsýsla landsins fellur hér undir og sömuleiðis löggjafarvald, utanríkismál og opinber fjármál. Þá teljast málefni eins og erlend efnahagsaðstoð, grunnrannsóknir og fjármagnskostnaður hins opinbera einnig undir þennan útgjaldaflokk. Í töflum 14 og 23 er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

Almenn stjórnsýsla hins opinbera nam 3% af VLF árið 2008 og vaxtakostnaður 3,5%

Í töflu 2 eru helstu undirflokkar málaflokksins dregnir saman til að gefa stutt yfirlit um þróun hans síðastu tíu árin. Fram kemur að 96 milljarðar króna runnu til þessa málaflokks árið 2008 eða 6,5% af landsframleiðslu, en þar af er fjármagnskostnaður 52 milljarðar króna eða rúmlega 3,5% af landsframleiðslu. Á mann námu þessi útgjöld 301 þúsund krónum árið 2008 og er raunaukningin um 10% frá

árinu 1998. Mest var aukningin í erlendri efnahagsaðstoð sem var um 3,5 milljarðar króna árið 2008 og hafði rúmlega þrefaldast frá 1998, en hún jókst um 1,5 milljarða króna milli áranna 2007 og 2008. Útgjöld végna æðstu stjórnsýslu og löggjafarvalds jókst einnig umtalsvert á tímabilinu eða um riflega 25% á mann að raungildi, en þau námu um 5,9 milljörðum króna árið 2008. Þar vega lang þyngst aukin stjórnsýsluútgjöld sveitarfélaganna sem voru um 2,4 milljarðar króna en þau hafa næstum tvöfaldast að raungildi á umræddu tímabili.

Útgjöld til utanríkismála hafa einnig aukist verulega á tímabilinu eða um 23% á mann að raungildi. Aukin útgjöld til alþjóðastofnana og til Varnamálastofnunar vega þungt í þeirri aukningu, en útgjöld málafloksins jukust um tæpa 2 milljarða króna milli 2007 og 2008. Þá má greina í töflu 2 að útgjöld végna opinberrar fjármálastarfsemi hefur dregist saman um 12% á mann að raungildi á tímabilinu, en hún nam 0,61% af landsframleiðslu árið 2008, samanborið við 0,78% árið 1998. Hlutdeild fjármagnskostnaðar hins opinbera af landsframleiðslu er heldur lægri árið 2008 en 1998 eða 3,52% af landsframleiðslu samanborið við 3,62% 1998.

Tafla 2. Almenn opinber þjónusta og fjármagnskostnaður hins opinbera
Table 2. General public service and interest cost of general government¹

| | Á verðlagi | | Á mann | | Pró- sentu breyting Percent change | Hlutfall af landsfram- leiðslu Percent of GDP | |
|---------------------------------------|-------------------------|--------------------------------------|------------------------------|--|--|---|-------------|
| | árssins í millj. kr. | In current prices, million ISK | á verðlagi 2008, þús. kr. | Per capita, thous. ISK 2008 prices | | 1998 | 2008 |
| | 1998 | 2008 | 1998 | 2008 | | 1998 | 2008 |
| 01. Almenn opinber þjónusta | 38.787 | 96.050 | 273,8 | 300,8 | 9,9 | 6,59 | 6,51 |
| 0111 Æðsta stjórnsýsla og löggj. vald | 2.076 | 5.868 | 14,7 | 18,4 | 25,4 | 0,35 | 0,40 |
| 0112 Opinber fjármál | 4.576 | 9.067 | 32,3 | 28,4 | -12,1 | 0,78 | 0,61 |
| 0113 Utanríkismál | 2.404 | 6.667 | 17,0 | 20,9 | 23,0 | 0,41 | 0,45 |
| 0120 Erlend efnahagsaðstoð | 497 | 3.464 | 3,5 | 10,8 | 209,5 | 0,08 | 0,23 |
| 0130-160 Alm. þj. og grunnrannsókn. | 7.955 | 19.018 | 56,2 | 59,6 | 6,1 | 1,35 | 1,29 |
| 0170 Fjármagnskostnaður hins opinbera | 21.279 | 51.966 | 150,2 | 162,7 | 8,3 | 3,62 | 3,52 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

3.02 Útgjöld hins opinbera til varnarmála

Annar meginútgjaldaflokkur hins opinbera samkvæmt COFOG flokkunarkerfinu eru varnarmál, en á árinu 2008 runnu 888 milljónir króna til þessa málafloksins hér á landi. Hér er fyrst og fremst um erlenda hernaðaraðstoð og friðargæslu að ræða. Veruleg aukning varð á þessum útgjöldum árið 2006 er þau tvöfölduðust. Árið 1998 námu útgjöldin 94 milljónum króna.

3.03 Útgjöld hins opinbera til lög- og réttargæslu og öryggismála

Löggæsla, réttargæsla og öryggismál er þriðji meginútgjaldaflokkur hins opinbera og eru undirflokkar hans sex sem ekki greinast frekar niður á verkefnasvið (sjá viðauka 1). Eins og heiti floksins ber með sér falla löggæsla, fangelsismál og dómsstólar hér undir, einnig brunamál og ýmis konar öryggismál eins og lesa má úr

töflu 24 en þar er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

Opinber útgjöld til lög- og réttargæslu og öryggismála hafa vaxið um 16% á mann að raungildi frá 1998

Í töflu 3 eru helstu undirflokkar málafloksins dregnir saman til að gefa stutt yfirlit um þróun hans síðastu tíu árin. Á árinu 2008 var ráðstafað 22,4 milljörðum króna til þessa málaflokks eða 1,5% af landsframleiðslu. Á mann námu þessi útgjöld 70,2 þúsund krónum og sé þróunin skoðuð yfir tíu ára tímabil sést að þessi útgjöld hafa vaxið um 16% á mann að raungildi. Þessi mikli vöxtur skýrist meðal annars af auknum löggæslukostnaði, en hann nam um 13,5 milljörðum króna árið 2008 eða sem svarar til 0,9% af landsframleiðslu. Á mann er raunaukningin 32% frá árinu 1998, en hafa verður þó í huga rúmlega tveggja milljarða króna fjárfestingu Landhelgisgæslunnar árið 2008 (sjá töflu 24).¹ Án hennar væri raunaukning löggæslukostnaðar 12,3% og málafloksins í heild 5,7%.

Tafla 3. Útgjöld hins opinbera til lög- og réttargæslu og öryggismála
Table 3. The general government expenditure on public order and safety¹

| | Á verðlagi ársins í millj. kr. | | Á mann á verðlagi 2008, þús. kr. | | Pró- sentu- breyting 2008 prices | Percent of GDP 1998 | Hlutfall af landsfram- leiðslu 1998 |
|---|--------------------------------------|---|--|-------------|---|---------------------------|--|
| | In current prices, million ISK | Per capita, thousand ISK, 2008 prices | 1998 | 2008 | | | |
| 03 Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 8.571 | 22.427 | 60,5 | 70,2 | 16,1 | 1,46 | 1,52 |
| 0310 Löggæsla | 4.531 | 13.490 | 32,0 | 42,2 | 32,1 | 0,77 | 0,91 |
| 0320 Brunavarnir | 1.674 | 1.885 | 11,8 | 5,9 | -50,0 | 0,28 | 0,13 |
| 0330 Dómsstólar | 1.021 | 2.917 | 7,2 | 9,1 | 26,7 | 0,17 | 0,20 |
| 0340 Fangelsismál | 571 | 1.354 | 4,0 | 4,2 | 5,3 | 0,10 | 0,09 |
| 0360 Lögg-, réttarg. og öryggismál ót.a.s. | 773 | 2.781 | 5,5 | 8,7 | 59,5 | 0,13 | 0,19 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

Einnig hefur orðið veruleg aukning í útgjöldum til dómsmála á þessu tímabili eða um 27% á mann að raungildi, en til þeirra runnu 2,9 milljarðar króna árið 2008 eða 0,2% af landsframleiðslu. Mest er aukningin í opinberri réttaraðstoð sem hefur riflega tvöfaldast á tímabilinu (sjá töflu 24). Þá hafa ýmis konar útgjöld þessa málafloks sem flokkast undir 0360 aukist um tæplega 60% á mann að raungildi á tímabilinu, en hér undir falla til dæmis umferðarmál og ýmis útgjöld sveitarfélaga vegna öryggismála. Í töflu 3 má sjá að útgjöld til fangelsismála námu 1.354 milljónum króna árið 2008 og er raunaukningin 5,3% á mann síðustu tíu árin. Að lokum má nefna að útgjöld vegna brunavarna hafa stórlega dregist saman síðasta áratuginn eða um helming að raungildi á mann, en brunavarnir eru að mestu á útgjaldasviði sveitarfélaganna.

3.04 Útgjöld hins opinbera til efnahags- og atvinnumála

Fjórði meginmálaflokkur hins opinbera nær til efnahags- og atvinnumála og greinist hann niður á níu undirmálaflokka, sem aftur greinast frekar niður á þrjátíu verkefnasvið eins og fram kemur í viðauka 1. Hér undir falla mállefni eins og almenn efnahags- og atvinnumál, landbúnaður, fiskveiðar, orku- og iðnaðarmál, samgöng-

¹ Árið 2007 var fjárfestingin 0,4 milljarðar króna.

ur, fjarskipti og ferðaþjónusta svo dæmi séu tekin. Í töflum 16 og 25 er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

Hið opinbera hefur ráðstafað að meðaltali um 6,4% af VLF til efnahags- og atvinnumála síðasta áratuginn

Í töflu 4 eru helstu undirflokkar málaflokksins dregnir saman til að gefa stutt yfirlit um þróun hans síðastu tíu árin. Á árinu 2008 var ráðstafað rúmlega 288 milljörðum króna til þessa málaflokks eða 19,5% af landsframleiðslu, en það nemur 902 þúsund krónum á mann. Í þeiri fjárhæð er 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands. Sé sú yfirtaka undanskilin í samanburði milli ára er niðurstaðan að 96 milljörðum króna var ráðstafað til þessa málaflokks árið 2008 eða 6,5% af landsframleiðslu, en það svarar til 224 þúsund króna á mann. Raunaukningin frá árinu 1998 er rúmlega 8% á mann.

Séu einstakir undirflokkar skoðaðar kemur í ljós að vegasamgöngur eru lang umfangsmesta verkefnasvið þessa flokks en til þess runnu 44,6 milljarðar króna árið 2008 eða 3% af landsframleiðslu, en það svarar til 140 þúsund króna á mann. Verulegar sveiflur geta þó verið í vegaframkvæmdum milli ára, en til samanburðar má nefna að árið 1998 voru útgjöld til þess málasviðs 92,6 þúsund krónur á mann á 2008 verðlagi, árið 2001 113,3 þúsund krónur og árið 2005 92 þúsund krónur. Landbúnaðarmál eru annað stærsta verkefnasvið þessa málaflokks en til þess runnu um 15 milljarðar króna árið 2008 eða 1% af landsframleiðslu, en það svarar til um 47 þúsund krónur á hvert mannsbarn í landinu. Rúmlega 16% raunlækkun hefur þó orðið á útgjöldum til landbúnaðarmála á mann frá árinu 1998.

Tafla 4. Útgjöld hins opinbera til efnahags- og atvinnumála
Table 4. The general government expenditure on economic affairs¹

| | Á verðlagi ársins í millj. kr. | | Á mann á verðlagi 2008, þús. kr. <i>In current prices, million ISK</i> | | Pró- sentu- breyting Percent change | Hlutfall af landsfram- leiðslu <i>Percent of GDP</i> | |
|--|--------------------------------------|----------------|---|--------------|---|---|--------------|
| | 1998 | 2008 | 1998 | 2008 | | 1998 | 2008 |
| 04 Efnahags- og atvinnumál | 39.377 | 288.175 | 277,9 | 902,4 | 224,7 | 6,69 | 19,52 |
| 0410 Almenn efnahags- og atvinnumál | 2.600 | 199.542 | 18,4 | 624,8 | 3.304,1 | 0,44 | 13,51 |
| 0421 Landbúnaður | 7.937 | 14.961 | 56,0 | 46,8 | -16,4 | 1,35 | 1,01 |
| 0422 Skógrækt | 514 | 1.378 | 3,6 | 4,3 | 18,9 | 0,09 | 0,09 |
| 0423 Fiskveiðar | 1.425 | 1.254 | 10,1 | 3,9 | -61,0 | 0,24 | 0,08 |
| 0432-436 Orkumál | 1.744 | 2.697 | 12,3 | 8,4 | -31,4 | 0,30 | 0,18 |
| 0442 Iðnaðarstarfsemi | 1.186 | 507 | 8,4 | 1,6 | -81,0 | 0,20 | 0,03 |
| 0451 Vegasamgöngur | 13.114 | 44.649 | 92,6 | 139,8 | 51,0 | 2,23 | 3,02 |
| 0452 Sjó- og vatnasamgöngur | 3.521 | 6.236 | 24,9 | 19,5 | -21,4 | 0,60 | 0,42 |
| 0454 Flugsamgöngur | 2.743 | 7.038 | 19,4 | 22,0 | 13,8 | 0,47 | 0,48 |
| 0460 Fjarskipti | 104 | 1.084 | 0,7 | 3,4 | 364,0 | 0,02 | 0,07 |
| 0473 Ferðaþjónusta | 206 | 721 | 1,5 | 2,3 | 54,9 | 0,04 | 0,05 |
| 0481-487 Rannsóknir og þróun | 3.507 | 6.204 | 24,8 | 19,4 | -21,5 | 0,60 | 0,42 |
| 0490 Önnur efnah.- og atv.mál, ót.a.s. | 775 | 1.904 | 5,5 | 6,0 | 9,0 | 0,13 | 0,13 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

Af öðrum verkefnasviðum má nefna útgjaldabróun á sviði almennra efnahags- og atvinnumála, en til þess sviðs runnu 7,4 milljarðar króna árið 2008 eða 0,5% af landsframleiðslu og er raunaukningin 25,5% á mann frá árinu 1998. Hér vega þungt aukin útgjöld til fjármála- og samkeppniseftirlits, Ábyrgðatryggingasjóðs launa og Útflutningsráðs. Veruleg aukning hefur einnig orðið í útgjöldum hins

opinbera til ferðamála en það ráðstafaði 721 milljón króna til þeirra árið 2008 samanborðið 206 milljónir króna 1998, en það svarar til um 23 hundruð króna á mann 2008 samanborðið við 15 hundruð 1998. Raunaukningin er 55% á mann á umræddu tímabili. Einnig hefur orðið veruleg aukning í útgjöldum til fjarskipta eins og lesa má úr töflu 4 og sömuleiðis til flugsamgangna, en til þeirra runnu rúmlega 7 milljarðar króna 2008 og er raunaukningin á mann um 14% frá árinu 1998.

Veruleg raunlækkun hefur orðið á opinberum útgjöldum til sumra verkefnasviða mælt á mann á umræddu tímabili, eins og til dæmis á sviði fiskveiða, orkumála, iðnaðarstarfsemi, sjó- og vatnasamgangna og rannsókna. Þessar niðurstöður má lesa úr töflu 4 sem byggir á töflu 25.

3.05 Útgjöld hins opinbera til umhverfismála

Fimmti megin útgjaldaflokkur hins opinbera eru umhverfismál sem greinast upp í sex undirflokkja án sérstakra verkefnasviða (sjá viðauka 1). Hér undir falla málefni eins og götu- og hreinsunarmál, fráveitur, mengunarvarnir, verndun lands og rannsóknir í umhverfismálum. Í töflum 17 og 26 er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málauflokks á tímabilinu 1998-2008.

Til umhverfismála runnu 9,8 milljarðar króna 2008, en þar af eru gatna- og hreinsunarmál 6,6 milljarðar króna.

Á árinu 2008 var ráðstafað 9,8 milljörðum króna til þessa málauflokks eða 0,67% af landsframleiðslu, en það svarar til 30,8 þúsund króna á mann. Á tíu ára tímabili hafa útgjöld þessa málauflokks vaxið um 4,3% á mann að raungildi. Mestur er vöxturinn í verndun lands rúmlega 21% á mann, en ráðstafað var 2,3 milljörðum króna til þess málefnis árið 2008. Til gatna- og hreinsunarmála var ráðstafað 6,6 milljörðum króna árið 2008 og er vöxturinn á mann einungis 3,3% að raungildi á umræddu tímabili. Sé sá málaufokkur greindur frekar (sjá töflu 26) kemur í ljós að útgjöld vegna endurvinnslu og spilliefna hafa rúmlega tvöfaldast á tímabilinu að raungildi á sama tíma og útgjöld vegna hefðbundinnar gatna- og sorphreinsunar hafa dregist saman um 17% að raungildi á mann. Önnur umhverfismál eins og stjórnsýsla þeirra hefur dregist saman á umræddu tímabili eins og lesa má úr töflu 5.

Tafla 5. Útgjöld hins opinbera til umhverfismála

Table 5. The general government expenditure on environmental protection¹

| | Á verðlagi | | Á mann | | Pró- sentu- breyting Percent change | Hlutfall af landsfram- leiðslu Percent of GDP | |
|---------------------------------------|------------------------|--------------------------------------|---|-------------|---|---|-------------|
| | ársins í millj. kr. | In current prices, million ISK | á verðlagi 2008, þús. kr. Per capita, thousand ISK, 2008 prices | 1998 | 2008 | 1998 | 2008 |
| 05 Umhverfismál | 4.182 | 9.829 | 29,5 | 30,8 | 4,3 | 0,71 | 0,67 |
| 0510 Götu- og hreinsunarmál | 2.829 | 6.587 | 20,0 | 20,6 | 3,3 | 0,48 | 0,45 |
| 0540 Verndun lands og fjölb. lífríkis | 843 | 2.303 | 5,9 | 7,2 | 21,2 | 0,14 | 0,16 |
| 0520-560 Umhverfismál, ót.a.s. | 511 | 939 | 3,6 | 2,9 | -18,5 | 0,09 | 0,06 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

3.06 Útgjöld hins opinbera til húsnæðis-, skipulags- og veitumála

Sjötti megin útgjaldaflokkur hins opinbera eru húsnæðis-, skipulags- og veitumál sem greinast upp í sex undirflokkja og er án sérstakra verkefnasviða (sjá viðauka 1). Hér undir falla málefni eins og húsnæðismál, skipulagsmál, vatnsveitumál og götlýsing. Í töflum 18 og 27 er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

Tafla 6. Útgjöld hins opinbera til húsnæðis-, skipulags- og veitumála

Table 6. *The general government expenditure on housing and community amenities¹*

| | Á verðlagi | | Á mann | | Hlutfall af landsfram- leiðslu | | |
|---|--------------------------------------|---|---|-------------------|--------------------------------------|-------------|-------------|
| | árssins í millj. kr. | á verðlagi 2008, þús. kr. | Pró- sentu- breyting 2008 prices | Percent of GDP | | | |
| | In current prices, million ISK | Per capita, thousand ISK, 2008 prices | Percent change | 1998 | 2008 | | |
| 06 Húsnæðis-, skipulags- og veitumál | 2.022 | 7.545 | 14,3 | 23,6 | 65,5 | 0,34 | 0,51 |
| 0610 Húsnæðismál | 554 | 2.387 | 3,9 | 7,5 | 91,2 | 0,09 | 0,16 |
| 0620 Skipulagsmál | 1.188 | 4.209 | 8,4 | 13,2 | 57,2 | 0,20 | 0,29 |
| 0640 Götulýsing | 239 | 752 | 1,7 | 2,4 | 39,6 | 0,04 | 0,05 |
| 0660 Önnur mál, ót.a.s. | 41 | 197 | 0,3 | 0,6 | 112,2 | 0,01 | 0,01 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 39.

Árið 2008 voru opinber útgjöld vegna húsnæðismála 2,4 milljarðar króna og útgjöld vegna skipulagsmála 4,2 milljarðar

Til málafloksins runnu 7,5 milljarðar króna árið 2008 eða 0,5% af landsframleiðslu, en það svarar til 23,6 þúsund króna á mann. Mikil raunaukning hefur orðið í útgjöldum þessa málafloks undanfarin túr ár eins og lesa má úr töflu 6 og er hún á öllum sviðum hans. Útgjöld til húsnæðismála jukust til dæmis um 91% að raungildi á mann á tímabilinu og munar þar miklu um aukin útgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöxtum vegna byggingar leiguíbúða. Vöxtur í útgjöldum til skipulagsmála er einnig mikill á tímabilinu eða 57% á mann að raungildi, en til þessa málefnis runnu 4,2 milljarðar króna árið 2008. Hlutur sveitarfélaganna vegur mjög þungt í skipulagsmálum.

3.07 Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála¹

Sjöundi meginmálflokkur hins opinbera nær til heilbrigðismála og greinist hann niður á sex undirflokkja, sem aftur greinast frekar niður á ellefu verkefnasvið eins og fram kemur í viðauka 1. Útgjöld til lyfja og hjálpartækja, almennrar heilsugæsluþjónustu, sérfræði- og tannlæknabjónustu, sjúkrahúsabjónustu og þjónustu hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana eru dæmi um útgjaldasvið heilbrigðismála. Í töflum 19 og 28 er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

Sjúkra- og iðjupjálfun hefur vaxið um riflega 76% á mann að raungildi síðusta áratuginn og almenn heilsugæsla um 53%

Í töflu 7 eru helstu undirflokkar málafloksins dregnir saman til að gefa stutt yfirlit um þróun hans síðastu túr árin. Á árinu 2008 ráðstafaði hið opinbera riflega 117 milljörðum króna til þessa málafloks eða um 8% af landsframleiðslu, en það svarar til 367,3 þúsund króna á hvert mannsbarn í landinu. Síðustu túr árin hafa opinber útgjöld til heilbrigðismála vaxið um 17,6% á mann að raungildi og er vöxturinn mestur í sjúkra- og iðjupjálfun eða 76,4% á mann, en til þess verkefnasviðs runnu um 4,1 milljarður króna árið 2008. Þá hefur raunvöxtur almennrar heilsugæslu-

¹ Í apríl 2008 var gefið út sérstakt Hagtiðindahæfti um heilbrigðisútgjöld.

þjónustu einnig verið mikill eða um 53% á umræddu tímabili, en til hennar runnu 13,1 milljarður króna 2008 eða 41,2 þúsund krónur á mann í landinu. Eins og sést í töflu 28 vaxa útgjöld til heilsugæsluþjónustu höfuðborgarsvæðisins nokkru hraðar en á landsbyggðinni.

Tafla 7. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála
Table 7. The general government expenditure on health affairs¹

| | Á verðlagi | | Á mann | | Pró- sentu- breyting Percent | Hlutfall af landsfram- leiðslu Percent of GDP | |
|--|-------------------------|------------------------------|--------------------------------------|---|---------------------------------------|---|-------------|
| | árssins í millj. kr. | á verðlagi 2008, þús. kr. | In current prices, million ISK | Per capita, thousand ISK, 2008 prices | | | |
| | 1998 | 2008 | 1998 | 2008 | change | | |
| 07 Heilbrigðismál | 44.258 | 117.317 | 312,4 | 367,4 | 17,6 | 7,52 | 7,95 |
| 0710 Lyf og hjálpartæki | 4.613 | 11.632 | 32,6 | 36,4 | 11,9 | 0,78 | 0,79 |
| 0721 Almenn heilsugæsla | 3.816 | 13.147 | 26,9 | 41,2 | 52,8 | 0,65 | 0,89 |
| 0722 Sérfræðilæknar | 1.860 | 5.185 | 13,1 | 16,2 | 23,6 | 0,32 | 0,35 |
| 0723 Tannlæknar | 788 | 1.381 | 5,6 | 4,3 | -22,2 | 0,13 | 0,09 |
| 0724 Sjúkra-, iðju- og talpjálfun | 1.027 | 4.082 | 7,2 | 12,8 | 76,4 | 0,17 | 0,28 |
| 0730 Sjúkrahúsaþjónusta | 24.291 | 58.636 | 171,5 | 183,6 | 7,1 | 4,13 | 3,97 |
| 0734 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 6.499 | 19.642 | 45,9 | 61,5 | 34,1 | 1,10 | 1,33 |
| 0740-760 Heilbrigðismál ót.a.s. | 1.364 | 3.612 | 9,6 | 11,3 | 17,4 | 0,23 | 0,24 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

Af öðrum verkefnasviðum sem vaxið hafa verulega á tímabilinu er opinber hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta sem jókst um 34% á mann að raungildi, en 19,6 milljarðar króna runnu til hennar árið 2008 eða 1,33% af landsframleiðslu.¹ Vöxtur opinberrar sérfræðiþjónustu er heldur minni eða 23,6% á mann að raungildi á tímabilinu, en 5,2 milljörðum króna var ráðstafað til hennar 2008 eða 16,2 þúsund krónum á mann. Opinber tannlæknarþjónusta dróst hins vegar saman um 22% að raungildi á tímabilinu mælt á þennan mælikvarða, en 1,4 milljarðar króna runnu til hennar 2008.

Helmingur opinberra heilbrigðisútgjalda rennur til sjúkrahúsaþjónustu

Um helmingi opinberra heilbrigðisútgjalda var ráðstafað til sjúkrahúsaþjónustu árið 2008 eða 58,6 milljörðum króna og 4% af landsframleiðslu. Þar af voru útgjöld vegna Landsspítalans rúmlega tveir þriðju hlutar. Raunvöxtur þessara útgjalda síðustu tíu árin er rúmlega 7% á mann og er vöxturinn svipaður á megin undirliði þeirra eins og sést í töflu 28. Að síðustu má nefna að útgjöld til lyfja og hjálpartækja hafa vaxið um 12% á mann að raungildi á umræddu tímabili, en til þess málefnis runnu 11,6 milljarðar króna árið 2008 eða 36,4 þúsund krónur á mann. Vöxtur lyfjaútgjalda er á bilinu 3–4% en vöxtur vegna hjálpartækja verulega meiri.

3.08 Útgjöld hins opinbera til menningar-, íþróttá- og trúrmála

Áttundi megin útgjaldaflokkur hins opinbera eru menningar-, íþróttá- og trúrmál sem greinast upp í sex undirflokkka sem aftur greinast frekar niður á ellefu verkefnasvið (sjá viðauka 1). Undir þennan flokk falla íþróttá- og tómstundamál, menningarmál, fjölmíðlun, trúrmál og önnur félagsmál. Í töflum 20 og 29 er að finna ýtarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

¹ Við samanburð milli ára verður hér að hafa vissan fyrirvara á varðandi tilflutning verkefna milli stofnana (fjárlagaliða) sem getur hafa áhrif á umfang verkefnasviðsins.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til menningar-, íþróttá- og trúmála
Table 8. The general government expenditure on recreation, culture and religion¹

| | Á verðlagi | | Á mann | | Pró- sentu- breyting Percent change | Hlutfall af landsfram- leiðslu Percent of GDP | |
|--|------------------------|----------------|--------------------------------------|---|---|---|-------------|
| | ársins í millj. kr. | 2008, þús. kr. | In current prices, million ISK | Per capita, thousand ISK, 2008 prices | | | |
| | 1998 | 2008 | 1998 | 2008 | | | |
| 08 Menningar-, íþróttá- og trúmál | 16.901 | 55.962 | 119,3 | 175,2 | 46,9 | 2,87 | 3,79 |
| 0810 Íþróttá- og tómstundamál | 6.160 | 26.501 | 43,5 | 83,0 | 90,8 | 1,05 | 1,79 |
| 0820 Menningarmál | 6.407 | 19.297 | 45,2 | 60,4 | 33,6 | 1,09 | 1,31 |
| 0830 Fjölmíðlun | 1.622 | 3.190 | 11,4 | 10,0 | -12,7 | 0,28 | 0,22 |
| 0840 Trúmál og önnur félagsmál | 2.605 | 6.002 | 18,4 | 18,8 | 2,2 | 0,44 | 0,41 |
| 0850-860 Önnur menningarmál, ót.a.s. | 106 | 972 | 0,8 | 3,0 | 305,2 | 0,02 | 0,07 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

Verulegur raunvöxtur hefur verið í útgjöldum hins opinbera til íþróttá og tómstundamála en sveitarfélöginn bera um 2/3 hluta kostnaðarins

Í töflu 8 eru undirflokkar málafloksins sýndir til að gefa stutt yfirlit um þróun hans síðustu tú árin. Árið 2008 ráðstafaði hið opinbera um 56 milljörðum króna til þessa málaflokks eða um 3,8% af landsframleiðslu, en það svarar til 175,2 þúsund króna á mann. Sveitarfélöginn í landinu standa að baki rúmlega tveimur þriðju hluta þessara útgjalda. Síðustu tú árin hafa opinber útgjöld til þessa málaflokks vaxið um 47% á mann að raungildi og er vöxturinn mestur í útgjöldum til íþróttá- og tómstundamála sem vaxið hafa um 90%, en til þeirra var ráðstafað 26,5 milljörðum króna árið 2008 eða 1,8% af landsframleiðslu. Útgjöld til menningarmála jukust hins vegar minna eða um 33,6% á tímabilinu, en til þeirra runnu 19,3 milljarðar króna eða 1,3% af landsframleiðslu. Í töflu 29 eru einstakir útgjaldalíðir menningarmála sýndir.

Opinber útgjöld til trúmála hafa aukist lítillega á tímabilinu eða um 2,2% á mann að raungildi, en 6 milljarðar króna runnu til þeirrar starfsemi árið 2008 eða 0,4% af landsframleiðslu. Þessi fjárhæð svarar til 18,8 þúsund króna á hvert mannsbarn. Kostnaður hins opinbera af fjölmíðlun hefur hins vegar dregist saman um nálægt 13% á tímabilinu, en 3,2 milljarðar króna var ráðstafað til þessa málefnis 2008 eða 10 þúsund króna á mann í landinu.

3.09 Útgjöld hins opinbera til fræðslumála¹

Níundi megin útgjaldaflokkur hins opinbera eru fræðslumál sem greinast á sjö undirflokk og sex verkefnasvið eins og fram kemur í viðauka 1. Undir þennan málaflokk fellur öll skólastarfsemi í landinu og yfirstjórn hennar. Í töflum 21 og 30 er að finna ítarlegt yfirlit um þennan málaflokk á tímabilinu 1998–2008.

Mikill vöxtur hefur verið í háskólanámi undanfarin ár

Í töflu 9 eru undirflokkar málafloksins sýndir til að gefa stutt yfirlit um þróun hans síðastu tú árin. Á árinu 2008 ráðstafaði hið opinbera um 123,6 milljörðum króna til fræðslumála eða um 8,4% af landsframleiðslu, en það svarar til 387 þúsund króna á mann. Sveitarfélöginn í landinu standa að baki um þremur fimmtu hlutum þessara útgjalda og ríkissjóður afgangnum. Síðustu tú árin hafa opinber útgjöld til þessa málaflokks vaxið um 26,5% á mann að raungildi og er vöxturinn mestur í stoðþjónustu við skólastarf sem vaxið hefur verulega og í útgjöldum til

¹ Í desember 2008 var gefið út sértakt Hagtiðindarhefti um útgjöld hins opinbera til fræðslumála.

menntunar sem ekki er flokkuð á skólastig, eins og símenntun og fjarkennslu, sem vaxið hefur um 75% á þennan mælikvarða, en til þessara tveggja verkefnasviða var ráðstafað 4 milljörðum króna árið 2008. Þá hafa útgjöld til háskolanáms vaxið um 57,6% á tímabilinu, en til þess runnu 28,3 milljarðar króna eða 1,9% af landsframleiðslu árið 2008. Þessi fjárhæð svarar til 88,5 þúsund króna á mann í landinu. Við þennan samanburð verður þó að hafa í huga að hluti af starfsemi framhaldsskólastigs hefur færst yfir á háskólastig á tímabilinu sem skekkir samanburðinn milli 1998 og 2008. Í töflu 30 er þróun einstakra útgjaldaliða á háskólastigi sýnd.

Tafla 9. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála
Table 9. The general government expenditure on education¹

| | Á verðlagi ársins í millj. kr. | | Á mann 2008, þús. kr. In current prices, million ISK | | Pró- sentu- breyting Percent change | Hlutfall af landsfram- leiðslu Percent of GDP | |
|-----------------------------------|--------------------------------------|----------------|--|--------------|---|---|-------------|
| | 1998 | 2008 | 1998 | 2008 | | 1998 | 2008 |
| 09 Fræðslumál | 43.369 | 123.628 | 306,1 | 387,1 | 26,5 | 7,37 | 8,37 |
| 0911 Leikskólastig | 4.586 | 12.676 | 32,4 | 39,7 | 22,6 | 0,78 | 0,86 |
| 0912 Grunnskólastig | 20.729 | 56.887 | 146,3 | 178,1 | 21,7 | 3,52 | 3,85 |
| 0922 Framhaldsskólastig | 8.104 | 19.287 | 57,2 | 60,4 | 5,6 | 1,38 | 1,31 |
| 0940 Háskólastig | 7.959 | 28.270 | 56,2 | 88,5 | 57,6 | 1,35 | 1,91 |
| 0950 Menntun óflokkuð á skólastig | 542 | 2.141 | 3,8 | 6,7 | 75,3 | 0,09 | 0,14 |
| 0960 Stoðþjónusta í skólastarfí | 308 | 1.876 | 2,2 | 5,9 | 169,9 | 0,05 | 0,13 |
| 0930, 0980 Menntamál ót.a.s. | 1.141 | 2.492 | 8,1 | 7,8 | -3,1 | 0,19 | 0,17 |

¹ The English terms for this table can be found in Annex 1 on page 40.

Grunnskólastigið tekur til sína næstum helming fræðsluútgjalda eða 3,85% af VLF árið 2008

Grunnskólinn er lang útgjaldafrekasta skólastigið, en til hans runnu 46% fræðsluútgjalda árið 2008 eða 56,9 milljarðar króna. Það svarar til 3,85% af landsframleiðslu eða 178 þúsund króna á hvert mannsbarn í landinu. Raunaukningin síðustu tíu árin nemur um 22% á mann. Svipuð raunaukning á mann er í opinberum útgjöldum til leiksskóla, en 12,7 milljarðar króna runnu til þess skólastigs árið 2008 eða 0,86% af landsframleiðslu.¹ Að síðustu má nefna að útgjöld til framhaldsskólastigs námu 19,3 milljörðum króna árið 2008 og hafa einungis aukist um 5,6% síðustu tíu árin á mann að raungildi, en hér verður þó að hafa í huga eins og nefnt er að ofan að hluti af starfsemi framhaldsskólastigs hefur færst yfir á háskólastig á tímabilinu.

3.10 Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála²

